

Alþingi
Erindi nr. P 139/660
komudagur 3.12.2011



Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2010

Efni: Umsögn um þingmál nr. 256.

Þskj. 298, frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga og eru athugasemdir við einstaka greinar byggðar á ályktun þings Sjálfsbjargar frá maí 2010.

Nú eru einungis nokkrar vikur þangað til af fyrirhugaðri yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga verður. Frumvarp þetta ber þess keim að vera aðlögun laga nr. 59/1992 að þessari yfirfærslu. Nauðsynlegt er að byrja strax á heildarendurskoðun laga um málefni fatlaðra sem skulu byggja á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.

Athugasemdir Sjálfsbjargar Ísf.

Þessar athugasemdir byggja að hluta til á ályktun þings Sjálfsbjargar frá maí 2010. (Fylgir ályktunin sem viðhengi.)

Um 1.gr. frumvarpsins:

Sjálfsbjörg álitur að það verði að lögleiða tafarlaust samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, ekki sé nóg að taka mið af samningnum.

Um 4.gr. frumvarpsins, nánar tiltekið um „viðurkenndar matsaðferðir“:

Við undirbúning yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga hefur verið stuðs við svokallað SIS-þjónustumat. Telur Sjálfsbjörg rétt að fundið verði annað matskerfi sem tekur m.a. mið af félagslega sjónarhorninu á fötlun. Gæta þarf þess vandlega að matsaðferðir eigi við fólk með ólíkar skerðingar sem býr við ólíkar aðstæður.

Um 32.gr. frumvarpsins:

Þar stendur að ráðherra sé heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustu á grundvelli laga þessara. Sjálfsbjörg telur mikilvægt að grundvallarréttindi séu tryggð öllum fötluðum; að þau séu á hendi ráðherra, en ekki háð úrfærslu einstakra sveitarstjórna. Um leið verði skilgreint hvað sé grunnþjónusta.

Um 33.gr. frumvarpsins:

Sjálfsbjörg Ísf. fer fram á að ákvæði um innleiðingu NPA verði sett í þetta frumvarp. Ekki verði um tilraunaverkefni að ræða.

Um 34.gr. frumvarpsins, ákvæði til bráðabrigða h. (XII.):

Þar stendur: *Lög þessi skal endurskoða í heild sinni fyrir árslok 2014, m.a. með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Við þá endurskoðun skal taka mið af meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafi það ekki þegar verið gert.*

Sjálfsbjörg mælist til með að heildarendurskoðun á lögum um málefni fatlaðra fari fram sem fyrst; þrjú ár er of langur tími. Skal við endurskoðunina styðjast við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Um ákvæði til bráðabrigða g. (XI.):

Í þessu ákvæði kemur fram að frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk eigi að liggja fyrir í lok árs 2011. Telur Sjálfsbjörg að ákvæði um réttindagæslu þurfti að vera hluti af frumvarpi þessu og taka gildi um leið og yfirfærslan fer fram, þann 1. janúar 2011. Ótækt sé að hér verði til tómarúm í allt að einu ári.



Annað:

Til að tryggja frjálsa búsetu einstaklings með fötlun og þar með flutning á milli sveitarfélaga, er að mati Sjálfsbjargar mikilvægt að fjármagnið fylgi þeim einstaklingi.

Að sjálfsögðu getur Alþingi leitað til Sjálfsbjargar, landssambanda fatlaðra, um nánari upplýsingar, óski Alþingi þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra
Grétar Pétur Geirsson, formaður

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, ritari stjórnar



Ályktun Sjálfsbjargar um yfirfærslu málefna fatlaðra yfir til sveitarfélagana

Yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Sjálfsbjörg lsf gerir kröfur um að þjónusta við fólk með hreyfihömlun verði bætt, aukin og færð til nútímahorfs í tengslum við fyrirhugaða yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Sjálfsbjörg álitur að eftirtalin skilyrði þurfi að uppfylla áður en yfirfærslan tekur gildi 1. janúar 2011, að öðrum kosti verði yfirfærslunni frestað.

Samningur S.Þ. um rétt fólks með fötlun verði fullgiltur á Alþingi.

Lögin um málefni fatlaðra og fleiri lög hafi verið endurskoðuð í tengslum við fyrirhugaða fullgildingu samnings S.Þ. um rétt fatlaðs fólks.

Sett verði í lög ákvæði um NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, sem verður nýr jafngildur valkostur á þjónustu og andhverfan við þá stofnanastýrðu þjónustu sem nú er til staðar.

Fallið verði frá því að nota SIS þjónustumatið til að meta þörf og kostnað fatlaðs fólks fyrir þjónustu. Ef nota þarf mat af þessu tagi verður það m.a. að taka mið af félagslega sjónarhorninu á fötlun og vera gert fyrir fatlað fólk með ólíkar skerðingar og skapa jafnræði við mat á þörf þess fyrir þjónustu.

Stefnumótun og áætlun liggi fyrir hjá ríki og sveitarfélögum um að jafnræðis verði gætt við þjónustuna sjálfa; að allir fái fullnægjandi þjónustu við sitt hæfi og skv. sínum óskum.

Mannréttindi og borgaraleg réttindi fatlaðs fólks verði tryggð með fullgildum lögum frá Alþingi. Þessi réttindi séu ekki háð útfærslu einstakra sveitarstjórna á heimildaákvæðum í lögum er varða félagslega þjónustu.

Réttindi fatlaðs fólks til grunnþjónustu, til að sinna daglegum athöfnum, njóta tækifæra og réttinda er ófatlað fólk tekur sem gefnu, verði tryggð um land allt. Í þessu sambandi verði skilgreint hvað er grunnþjónusta.

Fjármagn fylgi einstaklingnum, sama hvar sem hann velur að búa.

Samþykkt á landssambandsþingi Sjálfsbjargar, haldið 28. til 30. maí 2010.